

GJALDSKRÁ

slökkviliðs Húnabyggðar.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Verkefni slökkviliðs.

Verkefni slökkviliðs sveitarfélagsins Húnabyggðar ákvarðast annars vegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og hins vegar af reglugerðum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Ferða- og uppihaldskostnaður.

Slökkvilið Húnabyggðar innheimtir ferða- og uppihaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

3. gr.

Niðurfelling gjalda.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að meginmarkmiðum slökkviliðs Húnabyggðar.

II. KAFLI

Lögbundin verkefni.

4. gr.

Lögbundin verkefni.

Innheimta lögbundinna verkefna slökkviliðs Húnabyggðar ákvarðast af lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 21.280 kr.

5. gr.

Umsagnir.

Fyrir umsagnir sem önnur stjórnvöld eða stofnanir óska eftir, skal innheimta 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 63.840 kr. Fyrir stærri úttektir skal að auki innheimta 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram þrjá tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Eldvarnaeftirlit.

Fyrir eldvarnaeftirlit sem hefur í för með sér skriflega áminningu vegna þess að brunaöryggi mannvirkis er ekki viðhaldið í samræmi við forsendur útgefins byggingarleyfis og eðli starfseminnar á hverjum tíma skal innheimt fast gjald 85.120 kr. fyrir hverja skoðun. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

Eftirlit með búsetu í atvinnuhúsnæði.

Fyrir eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun skal innheimt fast gjald 85.120 kr. fyrir hverja skoðun. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

Eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir endurkomu vegna eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt fast gjald, 42.560 kr. fyrir hvert skipti. Fyrir aðra vinnu við eftirfylgni kröfugerðar skal innheimta 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar eftirfylgni kröfugerðar á sér stað utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns skal innheimta 85.120 kr., auk 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt skal fast gjald fyrir tvær klukkustundir, 42.560 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirfylgni kröfugerðar, sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

11. gr.

Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimtar eru 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

12. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta í kjölfar ákvörðunar slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi mannvirki. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki 85.120 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggist á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

13. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis í kjölfar ákvörðunar slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimtar eru að lágmarki 85.120 kr. fyrir hvern

starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjalddtóku byggist á 3. mgr. 29. gr. og 31. gr. laga um brunavarnir.

III. KAFLI

Önnur verkefni og þjónusta.

14. gr.

Gjaldtaka fyrir önnur verkefni og þjónustu.

Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa sveitarfélagsins, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 21.280 kr. fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða

klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 28.750 kr. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 12.-14. gr., er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 230.020 kr.

15. gr.

Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 kemur fram að lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Þau gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin ná til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistarfa í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri.

Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla hins vegar ekki undir lögin, né heldur eldvarnir í skipum með haffærisskrteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Slökkviliðsstjóri metur hverju sinni hvort sinna skuli beiðnum um verkefni sem liggja utan gildissviðs laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni slíku ólögboðnu verkefni skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 230.020 kr., auk 28.750 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

Viðbúnaður vegna upphreinsunar.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni utan gildissviðs laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 230.020 kr., auk 28.750 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

17. gr.

Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í lögum um brunavarnir, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 230.020 kr., auk 28.750 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

18. gr.

Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnisýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 28.750 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

19. gr.

Úttektir og ráðgjöf hjá húsfélögum.

Fyrir úttektir og ráðgjöf hjá húsfélögum skal innheimta fast gjald 42.560 kr.

20. gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhvers atburðar sem kallar á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari.

Tæki slökkviliðs Húnabyggðar skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimtar eru að lágmarki 82.000 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

21. gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur er kveðið á um slíka fylgd í lögreglusamþykkt og veitir lögreglustjóri ekki heimild til flutnings nema í fylgd slökkviliðs. Innheimtar eru að lágmarki 85.120 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

22. gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 85.120 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 21.280 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. KAFLI

Innheimta.

23. gr.

Skipulag innheimtu.

Slökkvilið Húnabyggðar með aðstoð skrifstofu Húnabyggðar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis- og lokaúttekta, sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. t.o.m. 10. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

V. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

24. gr.

Lagastoð og samþykkt sveitarstjórnar.

Gjaldskrá þessi, er sett með heimild í lögum nr. 75/2000 og reglugerðum settum samkvæmt þeim með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Húnabyggðar 15. desember 2025. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Blönduósi, 15. desember 2025.

Pétur Arason sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. janúar 2026